

Efni: Samanburður á skólaeinkunn og niðurstöðu matsferils.

Á sumarmánuðum birti Mennta- og barnamálaráðuneytið samantekt um dreifingu lokaeinkunna í íslensku og stærðfærði í grunnskólum á Íslandi við lok 10. bekkjar.

Samantektin gaf vísbendingar um að dreifing lokaeinkunna væri afar ólík milli grunnskóla í Kópavogi. Lokaeinkunn úr grunnskóla hefur stýrandi áhrif á möguleika nemenda við innskráningu í menntaskóla.

Í því skyni að kanna hvort um réttláta dreifingu sé að ræða óskar meirihlutinn í menntaráði eftir greiningu menntasviðs á einkunnagjöf í 10. bekk grunnskóla Kópavogs og að niðurstöður skólaeinkunna við lok skólaárs verði bornar saman við niðurstöður samræmda matsferilsins. Nánar tiltekið er óskað eftir að skólaeinkunn við lok skólaárs (lokaeinkunn) í stærðfræði og íslensku hvers nemanda verði borin saman við niðurstöðu samræmds matsferills hvers nemanda.

Virðingarfyllt,

Karen Rúnarsdóttir, formaður menntaráðs

Hildur Karen Sveinbjarnardóttir, varaformaður menntaráðs